

Mál nr. 294/2019**M og
V vegna fjölskyldutryggingar.****Ágreiningur um bótaskyldu vegna innbrots.****Gögn.**

Málskot mótttekið 09.09.2019.

Bréf V dags. 16.09.2019 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Í málskoti lýsir M því að tvívegis hafi verið brotist inn á heimili hans í sömu vikunni. Brotist hafi verið inn í gegnum lítinn glugga, og í fyrra skiptið hafi glugginn verið skemmdur og nokkrum skrautmunum stolið. Í síðara skiptið hafi öryggiskerfi við gluggann verið aftengt og kórölum að verðmæti 600.000 kr. stolið. M kvartar yfir því að V hafi ekki brugðist við og greitt bætur vegna tjónsins, þar sem ljóst sé af lögregluskýrslu að um innbrot hafi verið að ræða.

Í bréfi sínu til nefndarinnar vísar V til varúðarreglu í váttryggingarskilmálum sem feli í sér fyrirmæli til váttryggingartaka um að gera tiltekna ráðstafanir til að fyrirbyggja eða takmarka tjón. Þar komi m.a. fram að loka skuli gluggum og krækja þá aftur. Þá komi fram í almennum skilmálum váttryggingarinnar að sé varúðarreglum ekki fylgt geti ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta, sbr. 26. gr. laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Í tilviki M hafi gluggar íbúðar hans alltaf verið opnir til að tryggja að raki sem stafaði frá kóralræktun ætti leið út. Slíkt fæli í sér brot á varúðarreglu auk þess sem það væri lítið mál að komast að stormjárnnum á opnum gluggum á jarðhæð. Hafnar V því bótaskyldu.

Álit:

Af lögregluskýrslu sem er meðal gagna fyrir nefndinni, en lögregla var kölluð til hinn 14. janúar 2019 þegar í ljós kom að brotist hafði verið inn, má ráða að M hafi verið erlendis þegar brotist var inn í íbúð hans, og að systir hans og mágur hafi tekið eftir því að búið var að brjóta stormjárn á eldhúsglugga þegar þau komu að athuga með íbúðina. Hafi engin önnur ummerki verið á vettvangi en kórall í fiskabúri hafi verið horfinn. Af ljósmynd sem liggur fyrir nefndinni má jafnframt ráða að glugginn hafi opnast „öfugt“ þannig að stormjárninn hafi verið á efri hluta hans en ekki neðri eins og venjan er. Verður ekki annað ráðið af gögnum málsins en að glugginn hafi verið opinn þegar stormjárn á honum var brotið. Í váttryggingarskilmálum þeim sem gilda um fjölskyldutryggingu M hjá V kemur fram, í gr. 3.5.5 í almennum skilmála, að váttryggður skuli loka öllum gluggum og krækja aftur. Verður að telja að með þeirri háttsemi að skilja glugga eftir opna í mannlausri íbúð hafi M brotið gegn nefndri varúðarreglu. Í 26. gr. laga um váttryggingarsamninga, sem vísað er til í almennum skilmála váttryggingarinnar, er kveðið á um heimild váttryggingafélags til að gera fyrirvara um að skuli laust úr ábyrgð í heild eða hluta sé varúðarreglum ekki fylgt. Slíkan fyrirvara getur félagið þó ekki borið fyrir sig ef ekki er við váttryggðan að sakast eða sök hans er óveruleg eða það að váttryggingaratburður hefur orðið verður ekki rakið til brota hans. Eins og atvikum öllum er háttað verður ekki talið að nefndar undantekningar eigi við og er bótaskylda því ekki fyrir hendi.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr fjölskyldutryggingu sinni hjá V vegna innbrots.

Reykjavík 15. október 2019

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.